

BORGARRÁÐ 15. september 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þarfagreiningu á húsnæði Austurbæjarskóla – SFS22060127

Fulltrúi Flokks fólksins hefur rætt við aðila sem þekkja vel til skólans. Húsnæðið er illa nýtt. Ein kennslustofa er notuð eina stund á viku. Námsráðgjafinn hefur heila stofu fyrir sig. Nýting á Bíósalnum er lítil. Ekki er séð að Spennistöðin sé nýtt að einhverju ráði? Risið sem nú á að fá annað hlutverk en að varðveita skólamuni spilar nú stórt hlutverk skyndilega. En risið er verst kosturinn í húsinu að mati þeirra sem þekkja til, ef leita þarf að stað fyrir eitthvað nýtt í skólastarfinu. Íbúasamtök miðborgarinnar og fleiri aðilar hafa ályktað gegn því að risið verði tekið undir kennslu. Þetta eru m.a. rök fyrir því að fulltrúi Flokks fólksins telur að það sé mikilvægt að þarfagreina húsnæði Austurbæjarskóla.